



2. stjórnarfundur HSV starfsárið 2023-2024. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, þriðjudaginn 15. ágúst, 2023 kl. 16:30.

Mætt eru Anton Helgi Guðjónsson, Hjördís Þráinsdóttir, Magnús Þór Bjarnason, Sigurður Óli Rúnarsson og Dagný Finnbjörnsdóttir ritar fundargerð.

1. Úthlutun íbúða

Stjórn HSV fór yfir umsóknir sem bárust vegna íbúða í Múlalandi. Fimm umsóknir bárust og hefur HSV til úthlutunar. Úthlutunarreglur vegna íbúða eru:

Forgangsreglur

1. Fyrsti forgangsflokkur: Þjálfarar á barna og unglingastigi.

- a. Forgangur á þjálfurum á barna og unglingastigi.
 - i. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu er það í forgangi.
 - ii. Nýting á þjálfara gefur forgang í íbúðina þ.e.a.s. er hann nýttur fyrir marga flokka og/eða árganga og fjölda iðkenda.
 - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.
 - iv. Taka skal mið af æfinga og keppnistímabili íþróttarinnar.

2. Annar forgangsflokkur: Aðrir þjálfarar.

- a. Forgangur á aðra þjálfara.
 - i. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu er það í forgangi.
 - ii. Taka skal mið af æfinga og keppnistímabili íþróttarinnar.
 - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.

3. Þriðji forgangsflokkur: Leikmenn.

- a. Forgangur vegna leikmanna.
 - i. Taka skal mið af keppnistímabili leikmanna.
 - ii. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu hefur það forgang.
 - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.

Allar umsóknir eru lagðar fyrir á stjórnarfundum HSV og mun stjórnin taka ákvarðarnir um leiguíbúðir samkvæmt þessum reglum. Umsókn um íbúðir skal skila inn á sérstöku umsóknarblaði.



Sex umsóknir bárust en höfum við aðeins fimm íbúðir til úthlutunar. Hefur verið sendur póstur til þeirra sem málið varðar. Allar íbúðir munu hýsa þjálfara í yngri flokka starfi deildanna.

Nýr leigusamningur verður gerður við hvert og eitt félag og mun hann vera dagsettur frá 1. September 2023 til 31. Desember 2023.

2. Töflufundur.

Anton Helgi formaður HSV ásamt framkvæmdastjóra funduðu með forsvarsmönnum þeirra íþróttafélaga sem æfa í íþróttahúsum yfir veturinn.

Ljóst er að allar íþróttir eru að vaxa og þrengist um í húsunum vegna þess. Það er mikið þúsluspil að koma öllum fyrir í húsunum svo vel sé. Fundurinn gekk vel og lögðu forsvarsmenn til að stjórn HSV myndi óska eftir því við Ísafjarðarbæ að skoða möguleikann á því að lengja opnunartíma um helgar vegna kappleikja, þannig eru minni líkur á því að íþróttafélög séu að missa út æfingar, nógu fáar eru þær fyrir.

Skora á sveitarfélagið að prufa að hafa lengri opnun fyrir kappleiki á laugardögum.

Stjórn HSV óskar eftir því að skoðaður verði möguleikinn á því að lengja opnunartíma á laugardögum og sunnudögum, ljóst er að æfingartímar á Torfnesi verði ekki nýttir frá 22:00 til 23:00 virka daga og því svigrúm fyrir styttingu vakta þá daga. Æfingar falla mjög reglulega niður og bitnar það á öllum deildum og ungmönnum sem stunda íþróttir innanhús yfir vetrartímann.